

Gullörn og bláfugl

Benedikt Gröndal

Íslenskt þjóðlag

F F C7 F
 Gekk ég úti í skog - i en kom - ið var kvöld,
 Leit ég upp á grein - ar og leit, par skritn - a þjóð:
 F F C7 F
 kol - dimm - an lék sér um geisl - ann - a tjöld,
 Lit - fagr - a söng - fugl - a, rauð - a sem blóð,
 F F C7 F
 sól - in var að hnig - a í haf - blá - an reit,
 gul - a, svart - a, hvít - a og græn - a og blá,
 F F C7 F
 hljóð - leg - a nött - in á jörð - in - a leit.
 glóðu - peir i lauf - i sem eð - al - stein - ar smá.

Gula, svarta, hvíta – nei, enginn þeirra 'er minn,
ekki líst mér á þig, hópurinn þinn.
Fagurt gullu hljóðin í fuglanna sveim,
fegra 'en gigjustrengir í mannanna heim.

Fagurt gullu hljóðin en fegurst kvað þó sá
fuglinn sem ég leit þar með kambinum á!
Fagurskærir litirnir ljómuðu í sól,
ljósahafið bylgjaði um himnanna ból.

Fagurskærir litirnir ljómuðu um hann,
ljósblár sem alda um sjávarins rann,
dökkbláir sem himininn um heiðskæra stund.
Hann sá ég um kvöldið í þögulum lund.

Dökkbláir sem himininn og dýrðlega skein
dálitum á fuglinum litaprýðin hrein;
blár var hann að framan en bakið dekkra þó,
burstaði hann fjaðrirnar með nefinu og hló.